

Skipulags- og umhverfisnefnd

Fjallabyggð

Efni: Héðinsfjarðargöng, vatnsleki

Fljótlega eftir að Héðinsfjarðargöng voru opnuð árið 2010 fór að bera á vatnsleka í göngunum, Ólafsfjarðarmegin, sem virðist koma upp í gegnum akbrautina. Þegar vorar eykst þessi leki til muna og endar allaf á því að akbrautin er rennandi blaut ca 4-5 kílómetra inn í göngin. Þessi leki virðist vera á nokkrum stöðum sem berst svo inn eftir göngunum.

Það er ekki ásættanlegt að þeir sem eiga leið um göngin komi út úr þeim á haugdrullugum bílum. Undirritaður hefur átt samtöl við bílstjóra sem fara daglega eða oft á viku um göngin, t.d. fólksflutningabílar og vöruflutningabílar. Mikil vinna fer í að þrifa þessa stóru bíla eftir að hafa farið í gegnum göngin og eru menn ekki sáttir við stöðuna. Sama á við um íbúa sem vinna sitt hvoru megin við Héðinsfjörðinn.

Ég hef átt samtöl við starfsmenn vegagerðarinnar á Akureyri með lausnir. T.d. hvort ekki megi gera tilraun að keyra blásarana til að minnka rakamyndun inn eftir göngunum en það hefur ekki borið árangur, talið kosta of mikið. Það hlýtur að vera vilji hjá Vegagerðinni að þetta dýra mannvirki, sem greinilega var gallað þegar tekið var við því, verði eins og til var ætlast. Það er víst nóg að hafa blaut og hriplek Múlagöng í sveitarfélaginu.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur það til að tæknideild Fjallabyggðar verði falið að ræða við Vegagerðina um mögulegar lausnir á þessu lekavandamáli til frambúðar.

Svör Vegagerðarinnar verði lögð fyrir nefndina þegar þau liggja fyrir.

Helgi Jóhannsson  
nefndarmaður, Skipulags- og umhverfisnefnd.